

XI. KAFLI

Almenn ákvæði.

45. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli sveitarstjórna í fjallskilum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppsstjórum snertandi fjallskil. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og renna sektirnar í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961, og 3. gr. laga um afréttar-málefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast gildi frá og með 15. október 1973 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 174 25. ágúst 1952, ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 298.

22. október 1973.

AUGLÝSING

**um breyting á reglugerð nr. 207 20. september 1966,
um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.**

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

1. Á öllu Snæfellsnesi vestan varnargirðingar úr Skógarnesi í Álftafjörð.
2. Í Suður-Dölum í Dalasýslu, þ. e. Hörðudalshreppi, Miðdalshreppi og Haukdalshreppi ásamt bæjunum Lækjarskógi og Þorbergsstöðum í Laxárdalshreppi, (þ. e.) að Hvammsfjarðargirðingu.
3. Á öllu varnarsvæðinu frá Miðfjarðargirðingu að Blöndu, þ. e. í Hvammstanga-hreppi, Kirkjuhvammshreppi, Þverárhreppi og Þorkelshólshreppi í V.-Húnavatnssýslu og Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi og Blönduóshreppi vestan Blöndu í A.-Húnavatnssýslu.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og 2. málsgrein 1. gr. reglugerðar nr. 207/1966 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. október 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.